

Fimmtudaginn 17. febrúar 1983.

Nr. 42/1981. **Benedikt Bogason**

(Jón Ólafsson hrl.)

gegn

**Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Iðgjöld til lífeyrissjóðs. Vextir. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari,

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1980 (mál nr. 139/1980), en það var fellt niður með útivistardómi 2. febrúar 1981. Enn var því stefnt til Hæstaréttar 10. febrúar 1981, sbr. 36. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess, að hann verði dæmdur til að greiða stefnda 8.648.03 krónur með 13% ársvöxtum af 1.003.80 krónum frá 1. janúar 1975 til 1. janúar 1976, af 2.244.04 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1977, af 3.920.68 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af 6.354.97. krónum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1978, en af 8.648.03 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádegnum 1.000.00 krónum. Þá er þess krafist, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í 5. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. og 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands er það lagt á

vald bankans að ákveða dráttarvexti. Í auglýsingum þeim, sem birtar hafa verið frá bankanum í Lögbirtingablaði, sbr. nýnefnda grein í lögum um bankann, voru eigi bein ákvæði um vexti þá, sem deilt er um í þessu máli. Hinn 1. janúar 1975 var í gildi auglýsing „um vexti við innlánsstofnanir“ 12. júlí 1974, sem birt var í Lögbirtingablaði 15. júlí. Þar sagði m. a. í kafla um útlánsvexti:

„. . . 5) Vanskilavextir (dráttarvextir):

a) af víxlum og tékkum 2% á mánuði . . .

b) af öðrum lánum 2% á nánuði eða fyrir brot úr mánuði af gjaldfallinni upphæð, en sammingsvextir falla niður frá gjalddaga. Gildir þessi regla um öll lán í vanskilum“.

Síðar í auglýsingunni segir: „Framangreindar ákvarðanir um vexti af lánnum og vanskilavexti gilda einnig á lánsviðskiptum utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 58/1960“.

Þau orð, sem nú voru greind, er á ný að finna í auglýsingu Seðlabankans 23. apríl 1976, sem kom í stað auglýsingarinnar frá 12. júlí 1974. Birtist hún í Lögbirtingablaði 28. apríl 1976, Henni var breytt að hluta með auglýsingu 21. september 1976 (Lögbirtingablað 28. september), m. a. ákvæðunum um vanskilavexti (dráttarvexti), sem vera skyldu 2½% mánaðarvextir. Ekki voru tekin upp orð fyrri auglýsingar: „Gildir þessi regla um öll lán í vanskilum.“ Hins vegar verður að skilja auglýsinguna þannig, að áfram hafi staðið þau orð auglýsingarinnar frá 23. apríl, að þessi ákvæði skyldu gilda í „lánsviðskiptum utan innlánsstofnana“. Næsta auglýsing Seðlabankans er dagsett 18. júlí 1977 (Lögbirtingablað 20. júlí), þá kom auglýsing 18. nóvember 1977 (Lögbirtingablað 19. nóvember) og 17. febrúar 1978 (Lögbirtingablað 20. febrúar). Er í öllum þessum auglýsingum orðalag, sem í því, er hér skiptir máli, er sama efnis og orðalag auglýsingarinnar 21. september 1976.

Auglýsing 30. desember 1977 (Lögbirtingablað 18. janúar 1978) skiptir hér ekki máli.

Í auglýsingu Seðlabankans 29. maí 1979, sem birt var í Lögbirtingablaði 31. maí, er sambærilegt ákvæði orðað svo: „Framangreindar ákvarðanir um vexti af lánnum og vanskilavexti gilda sem hámarksvextir í hliðstæðum og sambærilegum lánsviðskiptum og skuldaskiptum utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 58/1960.“ Er

orðalag þetta óbreytt í næstu auglýsingum 30. ágúst 1979 og 29. nóvember 1979 (Lögbirtingablað 31. ágúst og 30. nóvember).

Auglýsingar Seðlabanka Íslands allt frá 12. júlí 1974 og allar götur fram til auglýsingar 29. nóvember 1979 ber að skilja svo, að heimildin til töku dráttarvaxta utan innlánsstofnana hafi verið ein-skorðuð við lánsviðskipti. Vanskil áfrýjanda á lífeyrissjóðsiðgjöldum sínum til stefnda verða eigi talin lánsviðskipti í skilningi auglýsinganna. Vextir af iðgjaldaskuld áfrýjanda frá 1. janúar 1975 og fram að gildistöku laga nr. 55/1980 verða því eigi dæmdir hærri en sem nemur almennum sparisjóðsvöxtum, eins og þeir voru á hverjum tíma þetta tímabil.

Í 7. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda segir, að vangoldin iðgjöld samkvæmt ákvæðum þeirra laga skyldu innheimt með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimili innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga. Stefnda var samkvæmt þessu heimilt að reikna dráttarvexti, eins og hann gerði af skuld áfrýjanda, frá og með gildistökudegi laganna 17. júní 1980. Hefur áfrýjandi ekki vefengt þá heimild, eins og kröfugerð hans ber með sér. Samkvæmt þessu ákvarðast vextir af iðgjaldsskuld áfrýjanda frá og með 17. júní 1980 í samræmi við kröfugerð hans.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Benedikt Bogason, greiði stefnda, Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands, 8.648.03 krónur með 13% ársvöxtum af 1.003.80 krónum frá 1. janúar 1975 til 1. janúar 1976, sömu vöxtum af 2.244.04 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1977 og af 3.920.68 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af 3.920.68 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af 6.354.97 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af 6.354.97 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 1978, en með 19% ársvöxtum af 8.648.03 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979 og með 22% ársvöxtum af 8.648.03 krónum frá þeim degi til 1. september

1979, með 27% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til 17. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði af 8.648.03 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 1.000.00 krónum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### S é r a t k v æ ð i

**Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara og**

**Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara.**

Við erum ósammála atkvæði meiri hluta dómara. Með fundarsamþykktinni frá 29. maí 1969 var aðalfundur stefnda m. a. að setja reglur um vaxtatöku af iðgjöldum þeirra sjóðfélaga, sem í vanskilum lentu. Að þessu leyti laut fundarsamþykktin einvörðungu að innri málefnum sjóðsins. Samkvæmt málflutningi áfrýjanda hér fyrir dóminum átti hann frjálsa aðild að sjóðnum. Líta verður svo á, að aðalfundarsamþykktin hafi bundið hann eftir almennum reglum um loforð, en fordæmis frá Hæstarétti er ekki til að dreifa á þessu takmarkaða sviði réttarins. Þá þykja vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands heldur eigi standa vaxtakröfunni í vegi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotum til forsendna hins áfrýjanda dóms er hann staðfestur að öðru leyti en málskostnað varðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði fellur niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

## Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1980.

## I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. október 1979.

Stefnandi er Lífeyrirssjóður Verkfræðingafélags Íslands, Reykjavík.

Stefndi er Benedikt Bogason, Háaleitisbraut 52, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

*Aðalkrafa:* Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda „kr. 1351.179 ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 864.803 frá 1.11.78 til 1.6.79, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ. d. til 1.9.79, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ. d. til greiðsludags, svo og málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í.“, allt að frádregnum kr. 100.000.

*Varakrafa:* „Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 864.803 með 13% ársvöxtum af kr. 100.380 frá 1.1.75 til 1.7.75, en af kr. 154.771 frá þ. d. til 1.1.76, en af kr. 224.404 frá þ. d. til 1.7.76, en af kr. 302.090 frá þ. d. til 1.1.77, en af kr. 392.68 frá þ. d. til 21.11.77, en með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1.1.78, en af kr. 635.497 frá þ. d. til 20.02.78, en með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ. d. 1.8.78, en af kr. 864.803 frá þ. d. til 1.6.79, en með 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1.9.79, en með 27% ársvöxtum frá þ. d. til 18.10.79, en með dómvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 100.000, sem stefndi greiddi inn á kröfuna þann 10.04.78. Þess er krafist, að innborgunin komi til frádráttar áföllnum vöxtum á innborgunardegi, og jafnframt er þess krafist, að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda sé heimilt að bæta áföllnum vöxtum við höfuðstól kröfunnar eftir hver samfelld tólf mánaða vanskil. Þá er krafist málskostnaðar skv. mati réttarins.“

Dómkröfur stefnda eru nú þær, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 864.803 með 13% ársvöxtum af kr. 100.380 frá 1. janúar 1975 til 1. janúar 1976, af kr. 224.404 frá þeim degi til 1. janúar 1977, af kr. 392.068 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum af síðastgreindri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af kr. 635.497 frá þeim degi til 20. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1978, en af kr. 864.803 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 100.000, og málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Með yfirlýsingu, dagsettri 18. október 1979, sbr. dómskjal nr. 3, var því lýst yfir, að samkomulag hafi verið um að ganga fram hjá sáttanefnd.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

## II.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Skuld þessi er vegna ógreiddra lífeyrissjóðsiðgjalda stefnda til stefnanda fyrir tímabilið frá 1.1.'74 til 31.7.'78. Stefndi er verkfræðingur og var félagi í Lífeyrissjóði V.F.Í. á nefndu tímabili, en þann 31.7.'78 sagði stefndi sig úr sjóðnum. Stefnufjárhæðin er samkvæmt yfirliti stefnanda yfir iðgjaldaskuld stefnda með dráttarvöxtum miðað við greiðslu í október 1978, en dráttarvaxta er einungis krafist af höfuðstól iðgjaldanna frá 1.11.'78. Yfirlit stefnanda byggist á sundurliðaðri útskrift úr viðskiptamannabók Lífeyrissjóðs V.F.Í. frá 13.10.'76, 10.10.'77, 1.5.'78 og 19.7.'78, en útskriftir þessar ásamt yfirlitinu eru lagðar fram í málinu. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar yfir lífeyrissjóð V.F.Í., sem hlotið hefur staðfestingu fjármálaráðuneytisins, ber sjóðfélagi að greiða iðgjöld sín til sjóðsins mánaðarlega fyrirfram. Iðgjöldin eru ákveðin þannig, að við inngöngu í sjóðinn velur sjóðfélagi launaflokk, sem hann skal greiða eftir, og eru iðgjöldin reiknuð út samkvæmt því og færð á reikning viðkomandi í viðskiptamannabók stefnanda. Ítrekaðar innheimtutilraunir hafa engan árangur borið, og er því málshöfðun þessi nauðsynleg.“

Í þinghaldi 14. maí 1978 fékk lögmaður stefnda bókað:

„Stefndi viðurkennir nú að skulda stefnanda iðgjöld að fjárhæð kr. 864.803 að frádregnum kr. 100.000. Er því nú aðeins deilt um vexti af iðgjaldaskuldinni og málskostnað.“

Á dómsskjali nr. 18 hefur stefnandi lagt fram „Yfirlit yfir iðgjaldaskuld stefnda með dráttarvöxtum miðað við greiðslu í október 1978.“ Er það svohljóðandi:

„1974:	Iðgjald %	Dr.vextir	Vaxtafótur pr. mán.
jan.	6690 × 127,25 :	8.513	1.5%
febr.	6690 × 125,75 :	8.413	
marz	8674 × 124,25 :	10.777	
apr.	8674 × 122,75 :	10.647	
maí	8674 × 121,25 :	10.517	
júní	8674 × 10.387 :	10.387	
júli	8674 × 118,0 :	10.235	1.5% til 15.7.74
ág.	8674 × 116,0 :	10.062	2.0% til 15.7.74
sept.	8674 × 114,0 :	9.888	
okt.	8674 × 112,0 :	9.715	
nóv.	8674 × 110,0 :	9.541	
des.	8934 × 108,0 :	9.649	
	100.380	118.344	

1975:		%	Dr. vextir	Vaxtafótur pr. mán.	
jan.	8934	× 106,0	:	9.470	2.0%
febr.	8934	× 104,0	:	9.291	
marz	8934	× 102,0	:	9.113	
apr.	8934	× 100,0	:	8.934	
maí	8934	× 98,0	:	8.775	
júní	9721	× 96,0	:	9.332	
júlí	11.434	× 94,0	:	10.748	
ág.	11.434	× 92,0	:	10.519	
sept.	11.434	× 90,0	:	10.291	
okt.	11.777	× 88,0	:	10.364	
nóv.	11.777	× 86,0	:	10.128	
des.	11.777	× 84,0	:	9.893	
	124.024			116.838	

1976:		%	Dr. vextir	Vaxtafótur pr. mán.	
jan.	12.359	× 82,0	:	10.143	2.0%
febr.	12.369	× 80,0	:	9.895	
marz	13.237	× 78,0	:	10.325	
apr.	13.237	× 76,0	:	10.060	
maí	13.237	× 74,0	:	9.795	
júní	13.237	× 72,0	:	9.531	
júlí	14.406	× 70,0	:	10.084	
ág.	14.406	× 68,0	:	9.796	
sept.	14.406	× 66,0	:	9.508	
okt.	15.270	× 64,0	:	9.773	
nóv.	15.745	× 62,0	:	9.762	
des.	15.745	× 59,5	:	9.368	2.5%
	167.664			118.040	

1977:		%		<i>Dr. vextir</i>	<i>Vaxtafótur</i> <i>pr. mán.</i>
jan.	15.745	× 57,0	:	8.975	2.5%
febr.	16.532	× 54,5	:	9.010	
marz	16.945	× 52,0	:	8.811	
apr.	16.945	× 49,5	:	8.388	
maí	17.453	× 47,0	:	8.203	
júní	17.453	× 44,5	:	7.767	
júli	22.525	× 42,0	:	9.461	3.0%
ág.	22.525	× 39,0	:	8.785	
sept.	23.604	× 36,0	:	8.497	
okt.	23.604	× 33,0	:	7.789	
nóv.	23.604	× 30,0	:	7.081	
des.	26.494	× 27,0	:	7.153	
	243.429			99.920	

1978:		%		<i>Dr. vextir</i>	<i>Vaxtafótur</i> <i>pr. mán.</i>
jan.	26.494	× 24,0	:	6.359	3.0%
febr.	31.356	× 21,0	:	6.585	
marz	33.024	× 18,0	:	5.944	
apr.	33.024	× 15,0	:	4.954	
maí	33.024	× 12,0	:	3.965	
júní	36.192	× 9,0	:	3.257	
júlí	36.192	× 6,0	:	2.172	
	229.306			33.234	

*Samanlagður skuldir:*

1974	100.380		118.344	
1975	124.024		116.838	
1976	167.664		118.040	
1977	243.429		99.920	
1978	229.306		33.234	
	864.803		468.376	: 1.351.179"

Í bréfi stefnanda, dagsettu 19. maí 1980, kemur m. a. fram:

„1. Á aðalfundi Lífeyrissjóðs VFÍ 3/11 1961, þar sem fjallað var sérstaklega um vanskil á iðgjöldum, var m. a. samþykkt eftirfarandi:

„Krefjast skal hæstu leyfilegra vaxta af vanskilafé frá gjalddaga til greiðsludags. Heimilt er þó sjóðstjórninni að sleppa vanskilavöxtum gegn hæfilegri fyrirframgreiðslu iðgjalda.“

2. Á stjórnarfundum 13/5 1969 var m. a. bókað eftirfarandi:

„Rætt var um hækkun vaxta af skuldabréfum svo og hækkun dráttarvaxta af iðgjöldum. Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur var meðmæltur hækkun vaxta.“

3. Á aðalfundi Lífeyrissjóðs VFÍ 29/5 1969 var m. a. bókað eftirfarandi:

„Nokkrar umræður urðu einnig um dráttarvexti, og voru fundarmenn sammála um, að jafnan skyldi reiknað með hæstu dráttarvöxtum, sem lög leyfa, en þeir eru nú 1% p. m.“

4. Á stjórnarfundum 24/6 1969 var m. a. bókað eftirfarandi:

„Framkvæmdastjóri skýrði frá því, að hann hefði innheimt 1% p. m. í dráttarvexti frá síðasta aðalfundi af öllum vangoldnum iðgjöldum, eins og rætt var um á aðalfundinum. Stjórnin lýsti sig samþykka þessari ráðstöfun.“

Síðan hefur sjóðurinn krafist undantekningarlaust dráttarvaxta af iðgjöldum í vanskilum og öðru vanskilafé skv. auglýsingum Seðlabanka Íslands, nú 4,5% p. m.“

Af hálfu stefnanda er m. a. skirskotað til samþykta aðalfundar um dráttarvexti.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda í aðalkröfu og dómvaxtakröfu stefnanda varakröfu. Er af hálfu stefnda m.a. skirskotað til 2. töluliðs 5. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins.

### III.

Niðurstaða réttarins.

Stefndi varð félagi í Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands 1. september 1961.

Svo sem fram kemur í kaflanum hér á undan, er nú viðurkennt af hálfu stefnda, að stefndi skuldi stefnanda iðgjöld til lífeyrissjóðsins, samtals að fjárhæð kr. 846,803 ásamt vöxtum, svo sem í kröfugerð stefnda greinir,

Með hliðsjón af málflutningi aðilja hér fyrir dómi ber að skýra aðalfundarsamþykkt sjóðsins frá 29. maí 1969 svo, að þar hafi verið samþykkt að innheimta hæstu dráttarvexti af vangreiddum iðgjöldum til sjóðsins, sbr. bókun á stjórnarfundum 24. júní 1969.

Stefndi, sem var félagi í lífeyrissjóðnum, er bundinn af aðalfundarsamþykkt þessari. Þetta leiðir til þess, svo sem hér stendur sérstaklega á, þrátt fyrir andmæli af hálfu stefnda, að taka ber til greina aðalkröfu stefnanda um dráttarvexti, en tölulegum útreikningi á vaxtakröfunni hefur ekki verið mótmælt, enda verður eigi á það fallist með stefnda, að 2. tl. 5. gr. reglugerðar fyrir sjóðinn geti skipt hér máli.

Þess skal getið, að við flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að stefndi bæri ekki fyrir sig fyrningu.

Niðurstaða málsins verður þá sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 864.803 ásamt kr. 486.376 í dráttarvexti árin 1974, 1975, 1976, 1977 og 1978, eins og í útreikningi stefnanda greinir, svo og 3% dráttarvexti á mánuði af kr. 864.803 frá 1. nóvember 1988 til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979 og með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 260.000.

Til frádráttar koma kr. 100.000, sem stefndi greiddi 10. apríl 1978.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Benedikt Bogason, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands, kr. 864.803 ásamt kr. 486.376 í dráttarvexti árin 1974, 1975, 1976, 1977 og 1978, eins og í útreikningi stefnanda greinir, og auk þess 3% dráttarvexti á mánuði af kr. 864,803 frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979 og með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 260.000 í málskostnað, allt að frádregnum kr. 100.000

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.